

Sé munur á texta hér að neðan og texta í auglýsingu nr. 178/2016 í B-deild Stjórnartíðinda eða auglýsingu nr. 1079/2015 gilda auglýsingar Stjórnartíðinda.

Uppfærð GJALDSKRÁ fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sem nemur kr. 13.200 fyrir sérfræðing og kr. 8.200 fyrir fagritara á hverja klukkustund fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir.

2. gr.

Ferðakostnaður.

Umhverfisstofnun innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Innheimta.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

II. KAFLI

Leyfisveitingar o.fl.

4. gr.

Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa af fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sam-

kvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 og 8. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir förgunarstaði, söfunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði og meðhöndlun spilliefnaúrgangs skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og fyrir námuúrgangsstaði skv. 1. mgr. 24. gr. sömu laga.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

- a. Fastagjald fyrir móttöku umsóknar, grunnvinnu við gerð starfsleyfistillögu, auglýsingar og útgáfu:

<i>Eftirlitsflokkur</i>	<i>Upphæð kr.</i>
1. flokkur	705.000
2. flokkur	573.000
3.-5. flokkur	246.000

- b. Reikningur fyrir fastagjaldi skal gefinn út við móttöku umsóknar.
- c. Fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillagna, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu, þ.m.t. borgarafund um kynningu á starfsleyfistillögu, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út áður en starfsleyfi er gefið út.

Fyrir mat Umhverfisstofnunar á tilkynningu skv. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, tilkynningu skv. 4. mgr. 5. gr. og tilkynningu skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi samkvæmt VII. og IX. kafla reglugerðar, nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og fyrir breytingu og endurskoðun á starfsleyfi samkvæmt 4. og 5. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 38. gr. laga, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal vera 158.200 kr. Hafi endurskoðun og breyting á starfsleyfi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. málsl. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu samkvæmt 1. gr. og 2. gr. ásamt útlögðum kostnaði m.a. við auglýsingar. Þegar ljóst er að endurskoðun og breyting á starfsleyfi hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur skal gefinn út þegar starfsleyfistillaga liggur fyrir. Fyrir breytingu á handhafa starfsleyfis skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, skal innheimta gjald.

Gjaldið skal vera kr. 52.800.

Fyrir mat Umhverfisstofnunar á gögnum um áhættumat samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna

vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

5. gr.

Notendaleyfi fyrir útrýmingarefni og plöntuverndarvörur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu notendaleyfa fyrir útrýmingarefnum til eyðingar meindýra og notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum til notkunar í landbúnaði og garðyrkju, þ.m.t. garðaúðun skv. 47. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 47.000 fyrir notendaleyfi sem gefið er út í fyrsta skipti;
- b. kr. 19.000 fyrir endurnýjun á notendaleyfi og gagnkvæma viðurkenningu á notendaleyfi frá öðru EES-ríki.
- c. kr. 4.400 fyrir prentun á nýju leyfisskírteini.

Krafa fyrir greiðslu gjaldsins er stofnuð í heimabanka umsækjanda þegar umsókn hefur verið samþykkt.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar drög að starfsréttindaleyfi liggja fyrir.

Heimilt er að veita 55% afslátt af gjaldi fyrir útgáfu á notendaleyfi sem veitt er í fyrsta sinn ef umsækjanda hefur þegar verið veitt notendaleyfi með annað gildissvið.

6. gr.

Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera skv. 8. gr. reglugerðar nr. 275/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera skv. 8. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Innheimta skal gjald sem nemur kr. 141.500. Reikningur skal gefin út við móttöku umsóknar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera skv. 5. og 19. gr. reglugerðar, nr. 493/1997. Umsóknaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. vegna vinnslu umsóknar um leyfi fyrir sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir

slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

7. gr.

Leyfisveitingar vegna markaðssetningar plöntuverndarvara.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum skv. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 2.550.000 fyrir markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru þar sem Ísland er fyrsta land á EES, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- b. kr. 638.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES;
- c. kr. 70.500 fyrir um umsókn um rýmkun leyfa vegna minni háttar notkunar, sbr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009;
- d. kr. 71.000 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum, sbr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- e. kr. 71.000 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru til þess að leysa bráðan vanda í tengslum við plöntuvernd, sbr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009;
- f. kr. 71.000 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, þar sem nota á plöntuverndarvöruna til rannsókna og/eða þróunarvinnu;
- g. kr. 12.700 fyrir hverja breytingu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, sbr. reglugerð (EB) nr. 1107/2009;
- h. kr. 13.400 fyrir hverja breytingu á gagnkvæmri viðurkenningu á tilteknu markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, sbr. reglugerð nr. 1002/2014;
- i. kr. 13.400 fyrir hverja breytingu á tímabundinni skráningu fyrir plöntuverndarvöru, sbr. II. bráðabirgðaákvæði efnalaga nr. 61/2013.

Reikningur skal gefinn út þegar öll gögn hafa borist. Leyfi er ekki veitt fyrr en fullnæðargreiðsla hefur borist.

Hafi umsókn um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu eins fljótt og auðið er. Reikningur

vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu markaðsleyfis fyrir plöntuvarnarvöru liggur fyrir.

Sömuleiðis getur Umhverfisstofnun endurgreitt umsækjanda um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 2. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 80% af gjaldi skv. 2. mgr.

8. gr.

Markaðsleyfi fyrir sæfivörur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir sæfivörur skv. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 2.550.000 fyrir landsbundið leyfi fyrir sæfivörur þar sem Ísland er fyrsta land á EES, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir sæfivörur sem innihalda fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- b. kr. 4.100.000 fyrir landsbundið leyfi fyrir flokk skyldra sæfivara, sbr. 3. tl. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar sem Ísland er fyrsta land á EES, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir sæfivörur sem innihalda fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- c. kr. 638.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á landsbundnu leyfi fyrir sæfivörur sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi, á EES;
- d. kr. 638.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á landsbundnu leyfi fyrir flokk skyldra sæfivara;
- e. kr. 283.000 fyrir einfaldaða málsmeðferð við leyfisveitingu, sbr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur;
- f. kr. 638.000 fyrir einfaldaða málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir flokk skyldra sæfivara, sbr. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur;
- g. kr. 71.000 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum, sbr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012;
- h. kr. 71.000 fyrir markaðsleyfi fyrir sæfivöru sem hefur nákvæmlega sömu auðkenni og sæfivara sem þegar hefur fengið markaðsleyfi hér á landi, sbr. reglugerð (ESB) nr. 414/2013;
- i. kr. 71.000 fyrir tímabundna undanþágu (120 dagar) frá markaðsleyfi fyrir sæfivöru;
- j. kr. 71.000 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir sæfivörur, þar sem nota á sæfivöruna til rannsókna og/eða þróunarvinnu;
- k. Breytingar á markaðsleyfum fyrir sæfivörum, sbr. reglugerð (ESB) nr. 354/2013:
 - Stjórnsýslulegar breytingar – kr. 13.400.
 - Minni háttar breytingar – kr. 13.400.
 - Meiri háttar breytingar – kr. 22.100.

Reikningur skal gefinn út þegar öll gögn hafa borist skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur. Markaðsleyfi eru ekki veitt fyrr en fullnaðargreiðsla hefur borist.

Hafi umsókn um markaðsleyfi fyrir sæfivörur í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa á markaðsleyfi fyrir sæfivörur hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu eins fljótt og auðið er. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu markaðsleyfis fyrir sæfivörur liggur fyrir.

Sömuleiðis getur Umhverfisstofnun endurgreitt umsækjanda um markaðsleyfi fyrir sæfivörur ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 2. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 80% af gjaldi skv. 2. mgr.

9. gr.

Flutningur úrgangs milli landa.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs skv. 16. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið skal vera kr. 109.000.

Reikningur skal gefinn út við móttöku tilkynningar.

Hafi samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að samþykki tilkynningar hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu gagnkvæmrar viðurkenningar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með flutningi úrgangs milli landa skv. 16. gr. laga nr. 55/2003. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir sýnatöku við eftirlit með flutningi úrgangs milli landa skv. 16. gr. laga nr. 55/2003.

Gjaldið skal vera kr. 17.800 fyrir hvert sýni.

Umhverfisstofnun innheimtir auk þess útlagðan kostnað fyrir greiningu hvers sýnis. Reikningur fyrir eftirlit og sýnatöku skal gefinn út þegar niðurstaða eftirlits og sýnatöku liggur fyrir.

10. gr.

Losunarleyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna útgáfu og breytinga á losunarleyfum rekstraraðila skv. 8. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 484.500 fyrir útgáfu losunarleyfis;
- b. kr. 108.000 fyrir breytingu á losunarleyfi.

Reikningur skal gefinn út þegar umsókn um losunarleyfi hefur borist Umhverfisstofnun eða þegar fyrir liggur að breyta þurfi losunarleyfi. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við losunarleyfi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út samhliða útgáfu eða breytingu á losunarleyfi.

11. gr.

Vöktunaráætlanir rekstraraðila vegna losunar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum rekstraraðila vegna losunar fyrir hvert viðskiptatímabil skv. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 570.000

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

12. gr.

Breytingar á vöktunaráætlunum rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna staðfestingar á breytingum á vöktunaráætlunum rekstraraðila skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 213.000.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að breyta þurfi vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við staðfestingu á breytingum á vöktunaráætlun rekstraraðila í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar staðfesting á vöktunaráætlun liggur fyrir.

13. gr.

Umsóknir nýrra þátttakenda í staðbundinni starfsemi um losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna nýrra þátttakenda í staðbundinni starfsemi um losunarheimildir skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 360.000.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar afgreiðslu umsókna er lokið.

14. gr.

Skýrslur rekstraraðila um losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda frá staðbundinni starfsemi skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 411.000.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

15. gr.

Áætlun á losun gróðurhúsalofttegunda í staðbundinni starfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun á losun rekstraraðila, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða ef losunarskýrsla er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 121.000.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að áætla þurfi losun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við áætlun á losun í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar áætlun liggur fyrir.

16. gr.

Skýrslur starfsstöðva sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum frá rekstraraðilum starfsstöðva í staðbundinni starfsemi sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skv. 14. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 147.000.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð

grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

17. gr.

*Vöktunaráætlanir flugrekenda vegna tonnkilómetra
í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum flugrekenda vegna tonnkilómetra skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 331.000 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 438.000 fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekenda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

18. gr.

*Vöktunaráætlanir flugrekenda vegna losunar
í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum flugrekenda vegna losunar fyrir hvert viðskiptatímabil skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 332.000 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 438.000 fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

19. gr.

Breytingar á vöktunaráætlunum flugrekenda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á verulegum breytingum á vöktunaráætlunum skv. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 121.000 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 147.000 fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að fyrir liggur að gera þurfi verulega breytingu á vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við samþykki á breytingum á vöktunaráætlun í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki á breytingu liggur fyrir.

20. gr.

Skýrslur flugrekenda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum flugrekenda um losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi skv. 5. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 253.000 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 332.000 fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu flugrekanda í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

21. gr.

Áætlun á losun koldíoxíðs í flugstarfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun á losun flugrekanda, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða ef losunarskýrsla er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, sbr. 6. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 108.000 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 134.000 fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að áætla þurfi losun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við áætlun á losun í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar áætlun liggur fyrir.

22. gr.

Skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir stofngjald og árgjald vegna reikninga sem opnaðir eru í skráningarkerfi fyrir losunarheimildir skv. VI. kafla laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera skv. töflu 1.

Tafla 1: Stofngjald og árgjald vegna reikninga í skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

Tegund reiknings	Stofngjald (kr.)	Árgjald (kr.)
Vörslureikningur rekstraraðila	72.200	67.000
Vörslureikningur flugrekenda	72.200	67.000
Reikningur vottunaraðila	43.000	35.700
Einkavörslureikningur	72.200	35.700
Viðskiptareikningur	72.000	35.700
Afhendingarreikningur fyrir uppbodnar losunarheimildir	72.200	35.700
Reikningur ytri vettvangs	304.800	Tímagjald skv. 1. gr.

Árgjald vegna reiknings reiknast frá þeim degi þegar reikningur er stofnaður. Eingöngu er heimilt að innheimta árgjald margfaldað með X/365 þar sem X stendur fyrir fjölda þeirra daga sem eftir eru í viðkomandi ári þegar reikningur er stofnaður.

Reikningur fyrir stofngjald er gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun um stofnun reiknings. Reikningur fyrir árgjald er gefinn út fyrirfram í upphafi hvers árs eða fyrirfram samhliða útgáfu reiknings fyrir stofngjald. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsókn um reikning í skráningarkerfinu í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.

23. gr.

Gagnkvæm viðurkenning faggildingar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna um gagnkvæma viðurkenningu faggildingar skv. 25. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 52.900.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda

gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.

24. gr.

Leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum samkvæmt 9. mgr. 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og endurnýjun slíks leyfis skv. 12. mgr. sömu greinar.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 43.800 fyrir upphaflegt leyfi.
- b. kr. 10.700 fyrir endurnýjun leyfis.

24. gr. a

Akstur utan vega

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð, viðhaldi skála og neyðarskýla sbr. 2. mgr 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, nema um sé að ræða framkvæmd sem stuðlar að almannaeill og öryggi almennings.

Gjaldið skal vera kr. 39.400.

Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

24. gr. b.

Leyfi til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr 40. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gjaldið skal vera:

- a 39.400 fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda
- b 52.600 fyrir leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku

Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Ef Umhverfisstofnun veitir leyfi til aksturs utan vega skv. 24. gr. a samhliða leyfi til framkvæmdar innheimtir stofnunin einungis gjald fyrir leyfi til framkvæmdar.

24.gr. c.

Leyfi til innflutnings og/eða dreifingar á framandi lífverum
Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til að flytja inn og dreifa lifandi framandi lífverum. sbr. 1. mgr 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gjaldið skal vera kr. 98.900.

Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

III. KAFLI

Eftirlit.

25. gr.

Gjald fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfisskyldri starfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 12. og 13. gr. reglugerðar, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 og viðauka I með reglugerðinni, að undanskildum atvinnurekstri samkvæmt liðum 6.4, 6.5 og 6.6 í viðaukanum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með móttökustöðvum úrgangs skv. 1. mgr. 47. gr. laga, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Vegna reglubundins eftirlits, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og eftirlit sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta gjald sem hér segir:

<i>Eftirlitsflokkur:</i>	<i>Upphæð kr.:</i>
1. flokkur – a – álver og kísilmálmverksmiðjur	1.530.000
1. flokkur – b – önnur fyrirtæki í 1. flokki skv. reglugerð nr. 786/1999	724.000
1. flokkur	724.000
2. flokkur	446.000
3. flokkur	290.000
4. flokkur	187.000
5. flokkur	187.000

Sé framkvæmd eftirlits, undirbúningur og/eða úrvinnsla sérlega umfangsmikil, t.d. vegna sérstakra aðstæðna, fjölda frávíka eða ófullnægjandi upplýsinga rekstraraðila, skal innheimta tímagjald sem því nemur skv. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna reglubundinna eftirlitsmælinga, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits skv. 5. mgr. 12. gr. í reglugerð, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Beiti Umhverfisstofnunar heimild skv. 6. mgr. 12. gr. reglugerðar, nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit til að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekanda skal viðkomandi atvinnustarfsemi færast til í eftirlitsflokk skv. ákvörðun stofnunarinnar í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar eða lækun á gjaldi sem nemur minna eftirliti. Einnig er heimilt að lækka eftirlitsgjald um 50-70% þar sem ekki er farið í eftirlit umrætt ár eða umrætt skipti í starfsstöðina heldur farið yfir gögn og mælingar.

Vegna úttektar stofnunarinnar vegna rekstrarstöðvunar sbr. ákvæði starfsleyfis skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar úttektarskýrsla liggur fyrir.

26. gr.

Sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald, skv. sérstöku samkomulagi við framkvæmdaraðila, vegna kostnaðar stofnunarinnar við sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum, skv. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd að teknu tilliti til innra eftirlits framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

27. gr.

Eftirlit með starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna eftirlits með starfsemi samkvæmt lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur og reglugerðum settum með stoð í þeim skv. 26. gr. laga nr. 18/1996.

Gjaldið skal vera kr. 174.000.

Hafi eftirlit í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. auk

ferðakostnaðar skv. 2. gr. Ef í ljós kemur að eftirlitið hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Þegar um umfangsminni starfsemi er að ræða svo sem afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera á rannsóknarstofum þar sem starfsemi hefur verið óbreytt lengur en 1 ár er einnig heimilt að miða eftirlitsgjald við tímagjald, sbr. ofangreint.

Umhverfisstofnun getur endurgreitt rekstraraðila ef í ljós kemur að vinna við eftirlitið tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 1. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en nemur 50% af gjaldi skv. 1. mgr.

28. gr

Eftirlit með móttöku úrgangs frá skipum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af rekstraraðila hafna sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 3. mgr. 11. gr. d. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Vegna reglubundins eftirlits með móttökuaðstöðu í höfnum, þ.m.t. skoðun á tilkynningum um úrgang og farmleifar, skal innheimta gjald sem hér segir:

<i>Eftirlitsflokkur:</i>	<i>Upphæð kr.:</i>
1. flokkur	240.000
2. flokkur	201.000
3. flokkur	148.000

Ef upp koma frávik við eftirlit er Umhverfisstofnun heimilt að fara í aukaeftirlit og skal stofnunin þá innheimta eftirlitsgjald í samræmi við framangreinda gjaldskrá.

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun útbýr eftirlitsáætlun til fimm ára í senn vegna eftirlits með aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum. Í eftirlitsáætluninni skal vera yfirlit yfir eftirlitsferðir og skipulag eftirlits með móttökuaðstöðu í höfnum.

Reglubundið eftirlit með höfnum fer fram að lágmarki á fimm ára fresti.

28. gr. a

Eftirlit með olúgeymum á hafnarsvæðum

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna eftirlits með olúgeymum á hafnarsvæðum skv. 82. gr. reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun á hafnarsvæðum. Lagt skal á tímagjald skv. 1. gr. í samræmi við umfang eftirlits.

29. gr.

Eftirlit með framleiðendum og innflytjendum rafhlaðna og rafgeyma.

Úrvinnslusjóður skal, fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda rafhlaðna og rafgeyma, standa skil á gjöldum sem þeir bera vegna eftirlits Umhverfisstofnunar með framleiðendum og innflytjendum rafhlaðna og rafgeyma, sbr. 36. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Úrvinnslusjóður skal fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja standa skil á gjöldum sem þeir bera vegna eftirlits með framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja, sbr. 52. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal vera kr. 3.500.000 á ári. Reikningur skal gefinn út í maí fyrir það ár sem eftirlitið nær yfir.

30. gr.

Beiting þvingunarúrræða.

Vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, IX. kafla laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, XIII. kafla efnalaga nr. 61/2013, V. kafla laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrár þessarar auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um beitingu þvingunarúrræðis liggur fyrir.

IV. KAFLI.

Meðhöndlun úrgangs.

31. gr.

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja og rafhlaðna og rafgeyma sem og eftirlit með þeim.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald til að standa undir kostnaði vegna reksturs skráningarkerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skv. 50. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skráningarkerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur rafgeyma og rafhlaðna skv. 36. gr. laga nr. 55/2003. Árgjaldið greiðist árlega af þeim framleiðendum og innflytjendum sem skráðir eru í skráningarkerfið og er upphæðin kr. 1.000. Úrvinnslusjóður skal, fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda, standa skil á gjöldum sem þeir bera vegna reksturs skráningarkerfis Umhverfisstofnunar til stofnunarinnar. Reikningur skal gefinn út í september fyrir árgjald aðila sem eru í skránni á tímabilinu 1. september til 31. ágúst það ár sem árgjaldið nær yfir.

32. gr.

Lokun urðunarstaðar.

Fyrir gerð fyrirmæla um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður, sbr. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar fyrir vinnu sérfræðings ásamt útlögðum kostnaði m.a. fyrir þinglýsingu. Ennfremur skal greiða tímagjald skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. fyrir vettvangsskoðun og mat á upplýsingum skv. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun og fyrirmæli um frágang og vöktun liggja fyrir.

Fyrir yfirferð vöktunar- og mæligagna urðunarstaðar skal greiða tímagjald skv. 1. gr. Reynist nauðsynlegt að fara í eftirlit s.s. til að staðreyna að ákvæðum um frágang hafi verið fullnægt skal jafnframt greiða tímagjald skv. 1. gr.

Fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi vöktunar eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. fyrir vinnu sérfræðings. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag vöktunar liggur fyrir.

32.gr. a.

Ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu ráðgefandi álits á því hvort úrgangur hætti að vera úrgangur þegar hann hefur farið í gegnum tiltekna endurnýtingaraðgerð, sbr. reglugerð um endurnýtingu úrgangs. Fastagjald fyrir móttöku umsóknar og grunnvinnu við gerð álitsins skal vera kr. 523.600. Reikningur skal gefinn út þegar fullnægjandi umsókn hefur borist. Ráðgefandi álit er ekki veitt fyrr en fullnaðargreiðsla hefur borist sbr. 2. og 3. mgr.

Hafi vinna við gerð ráðgefandi álits í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að vinna við ráðgefandi álit hefur í för með sér umframvinnu eða umframkostnað skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þess eins fljótt og auðið er. Þetta ákvæði á jafnframt við hafi Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við umsækjanda, kallað til sérfræðinga til ráðgjafar vegna vinnslu ráðgefandi álits, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um endurnýtingu úrgangs.

Umhverfisstofnun getur endurgreitt umsækjanda um ráðgefandi álit ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 1. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærrí en sem nemur 50% af gjaldi.

V. KAFLI

Hæfnispróf og námskeið.

33. gr.

Hæfnispróf og veiðinámskeið fyrir veiðimenn.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma skv. 11. gr. laga, nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Stofnunin innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða, sbr. 4. mgr. 11. gr. laganna, í samræmi við eftirfarandi:

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 7.800 prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma;
- b. kr. 9.900 prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma að ósk viðkomandi einstaklings (einkapróf);
- c. kr. 14.900 fyrir veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið eða próf þreytt.

34. gr.

Námskeið og próf í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun heldur námskeið í leiðsögn með hreindýraveiðum í samræmi við 10. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna námskeiða og prófa í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum sem og vegna námskeiðs vegna endurnýjunar leyfa í samræmi við 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gjaldið skal vera:

- a. 177.500 kr. fyrir námskeið og próf í kjölfar námskeiðs;
- b. 16.000 kr. fyrir námskeið vegna endurnýjunar leyfis.

Greiða skal gjaldið áður en námskeið er setið.

35. gr.

Verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn.

Umhverfisstofnun heldur verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn samkvæmt 11. mgr., sbr. 8. og 9. mgr. 14. gr. laga, nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald

vegna verklegs skotprófs í samræmi við 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gjaldið skal vera kr. 4.500.

36. gr.

Hæfnispróf og námskeið í landvörslu.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf og námskeið í landvörslu í samræmi við 3. mgr. 80. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða til landvörslu, sbr. 3. mgr. 80. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Gjaldið skal vera kr. 155.000.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið.

VI. KAFLI

Leyfisveitingar vegna CITES.

37. gr.

Innflutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. og II. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið skal vera kr. 17.200.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

38. gr.

Útflutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið skal vera kr. 17.200.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

39. gr.

Endurútlutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til endurútlutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið skal vera kr. 17.200.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

40. gr.

Vottorð um aðflutning úr sjó vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu vottorða um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/1993, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið skal vera kr. 17.200.

Sé útgáfa vottorðs umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. gjaldskrárinnar. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu vottorðs liggur fyrir.

VII. KAFLI

Bráðamengun hafs og stranda.

41. gr.

Eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir kostnaði stofnunarinnar við eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun, skv. 2. mgr. 21. gr. laga, nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Mengunarvaldur greiðir tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars beins útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

42. gr.

Leiga mengunarvarnabúnaðar.

Umhverfisstofnun krefur mengunarvald um gjald fyrir notkun á mengunarvarnabúnaði ef um er að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða annarrar atvinnustarfsemi, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Mengunarvaldur skal auk gjalds skv. 1. og 5. mgr. greiða útlagðan kostnað við flutning og notkun mengunarvarnabúnaðar, ásamt yfirferð og hreinsun á búnaðinum ef þörf krefur. Áætla skal kostnað við yfirferð og hreinsun á búnaði og skal mengunarvaldi gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en verk er hafið.

Sé búnaður fluttur af geymslustað Umhverfisstofnunar og gerður tiltækur án beinnar notkunar hans skal greiða Umhverfisstofnun fyrir leigu á búnaðinum, en þó skal veittur 50% afsláttur.

Eyðileggist búnaður við notkun getur Umhverfisstofnun krafist mengunarvald um kostnað við endurnýjun hans að teknu tilliti til ástands búnaðar fyrir notkun, aldurs hans og eðlilegra afskrifta, nema ef skemmdirnar hafa orðið vegna handvamar eða mistaka umsjónarmanns búnaðarins.

Kostnaður við notkun búnaðar annars staðar frá, sem og vinna við beitingu búnaðarins telst beinn útlagður kostnaður og greiðist af mengunarvaldi.

Fyrir leigu á mengunarvarnabúnaði í eigu Umhverfisstofnunar greiðist samkvæmt sundurliðun í eftirfarandi töflu:

Olíuflotgirðingar			<i>Leiga pr. einingu kr.</i>
--------------------------	--	--	------------------------------

Tegund	<i>lengd</i>	<i>eining</i>	<i>dagur</i>	<i>klst.</i>
EXPANDY 3000	300	25 m	21.000	2.300
EXPANDY 4300	700	15 m	25.500	2.900
Olíuupptökutæki				
Tegund	<i> fjöldi</i>	<i> upptaka</i>	<i> dagur</i>	<i> klst.</i>
Komera	2	12 tn/klst.	128.000	11.500
Foxtail	2	20 tn/klst.	160.000	16.000
Innifalið í leigu:				
Orkustöð				
Tengistykki til að tengja inn á önnur vökvakerfi				
Annar búnaður				
<i>Tegund</i>	<i> fjöldi</i>	<i> eining/lengd</i>	<i> dagur</i>	<i> klst.</i>
Rafstöðvar	2		6.250	625
Háþrýstidælur	2		6.250	625
Olíubarkar	600	20 m	26.000	2.900

VIII. KAFLI

Önnur verkefni.

43. gr.

Útgáfa leyfisnúmera.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna útgáfu leyfisnúmera skv. 4. og 5. mgr. 23. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera kr. 4.400.

Reikningur skal gefinn út við móttöku innflutningsskjals.

Sé vinna við áritun umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. gjaldskrárinnar. Þegar ljóst er að áritun innflutningsskjala hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun liggur fyrir.

44. gr.

Innkaupanetið.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna frjálstrar þátttöku fyrirtækja og stofnana í Innkaupanetinu.

Gjaldið er kr. 139.000.

Reikningur skal gefinn út í janúar fyrir það ár sem árgjaldið nær yfir. Sé um nýskráningu að ræða er greitt hlutfallsgjald af árgjaldi og reikningur gefinn út við móttöku umsóknar.

45. gr.

Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli laga um upplýsingar um umhverfismál er heimilt að krefjast kr. 37 fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5. Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A3 er heimilt að krefjast kr. 73 fyrir hverja blaðsíðu og kr. 73 í stærðinni A2.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast kr. 183 fyrir hverja blaðsíðu.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfilum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna. Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og stjórnslulaga nr. 37/1993 gilda gjaldskrár sem forsætisráðherra setur.

46. gr.

Aðgangseyrir.

Umhverfisstofnun er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir opnun gestastofu utan hefðbundins opnunartíma.

Beiðandi greiðir tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta aðgangseyri að Vatnshelli í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Upphæð aðgangseyris er eftirfarandi:

Aðgangseyrir er kr. 2.200 fyrir 17 ára og eldri:

50% afsláttur fyrir eldri borgara

50% afsláttur fyrir öryrkja

50% afsláttur fyrir námsmenn.

Aðgangseyrir fyrir hópa (8 eða fleiri) er kr. 1.700 á mann.
Ókeypis fyrir yngri en 11 ára en 1.100 kr. fyrir 12-16 ára.

Umhverfisstofnun er heimilt er að gera samkomulag við önnur söfn eða ferðaþjónustuaðila um sameiginlega sölu í nokkur söfn eða viðburði.

Umhverfisstofnun er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir aðgang að salernum á friðlýstum svæðum sem og á öðrum svæðum í umsjón Umhverfisstofnunar.
Aðgangseyrir er kr. 200 á mann.

47. gr.

Bæklingar.

Í tengslum við rekstur náttúruverndarsvæða er Umhverfisstofnun er heimilt að selja fræðslubæklinga. Verð fyrir hvern bækling er kr. 400. Heimilt er að veita allt að 20% afslátt af verði bæklinganna ef fleiri en 100 bæklingar eru seldir í einu.

IX. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

48. gr.

Lagastoð.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 54. gr. efnalaga nr. 61/2013, 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 21. gr. laga nr. 7/1998, Nr. 178 24. febrúar 2016 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, 26. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, 29. gr. og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, 39. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, 3. mgr. 13. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2000, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Uppfærð gjaldskrá gildir frá og með 24. febrúar 2016.